



ÞEKING – NÁM – SKÓLI OKTÓBER 2006

Spurningar hópsins:

- Hver er skilgreiningin á því að vera fullorðinn? (Ásgeir) (5)
- Er nauðsynlegt að læra? (Ragnheiður) (1)
- Er skóli nauðsynlegur? (Ásgeir) (1)
- Er til önnur hagstæð leið til að kenna en skólinn? (Ásgeir)
- Af hverju er sumt skemmtilegt? (Sóley)
- Af hverju er sumt leiðinlegt? (Þorgeir)
- Það þarf eitthvað að vera vont til að við sjáum það sem er gott! (Anna Katrín) (1)
- Er hægt að gera allt skemmtilegt? (Ragnheiður)
- Af hverju finnst flestum oftast leiðinlegt í skólanum? (Vala Kristín)
- Hvað er það sem er svona leiðinlegt í skólanum? (Ragnheiður)
- Af hverju þurfa einhverjir að stjórna skólanum? (Þorkell)
- Af hverju fullyrðum við? (Jakob) (2)
- Af hverju eru til fordómar? (Jakob) (1)
- Af hverju er allur hópurinn dæmdur fyrir það sem einhver einn gerir? (Daníel)
- Ef þú sérð 1 brúna kú þá veistu að það er til 1 brún kýr í þessu landi!! Þetta hefur ekkert með það að gera hvað er skemmtilegt! (Anna Katrín)

Hver er skilgreiningin á því að vera fullorðinn?

- Þú þarft að hafa ákveðinn **þroska** til að geta verið kallaður fullorðinn
- Ég skilgreini það að vera fullorðinn það að geta sagt: “ég **þarf ekki lengur leiðsögn foreldra minna**” og geta meinað það
- Mér finnst skilgreiningin á því að vera fullorðin sé engin sérstök, það fer eftir hverjum og einum, hvort manneskju finnst hún vera fullorðin (og þá er ég ekki að meina 12 ára krakka sem telur sig vera fullorðinn). Þegar maður **hættir að treysta svo mikið á aðra fullorðna einstaklinga**.
- Að vera fullorðinn er meira nafn á því þegar fólk er komið á **ákveðið þroskastig**. Maður er ekki kominn í fullorðinna manna tölu þegar maður fermist, þá er maður ekki búinn að læra né upplifa ákveðna hluti. Maður er ekki líkamlega né andlega nógu þroskaður. Heilinn er ekki ennþá orðinn fullþroskaður, ..
- Það að vera fullorðinn er að hafa náð ákveðnum **áfanga í lífinu**, ákveðið **þroskastig**. Að vera fullorðinn er algjörlega **óháð aldri, sumir fullorðnast ungir aðrir seint jafnvel aldrei**
- **26-69 ára**
- Þroski: 18-21 árs hætti heilinn að þroskast og maður verður **skynsamur** (fullorðinn). Fullorðin fyrir mér þýðir **yfirsýn**
- Að vera **fullþroskaður**, og búin að lifa í ca. **20 ár**, að hafa **séð hluti sem er hægt að læra af**
- Maður er fullorðinn egar maður er **sjálfráða**, farinn að geta tekið **ábyrgð á eigin hagsmunum**
- Maður getur tekið **sjálfstæðar og þroskaðar ákvarðanir** og tekið **ábyrgð** á eigin hagsmunum.

Árin:

- Er hægt að nefna ákveðin ár
- 4 ára einstaklingur getur ekki veirð fullorðinn
- Verður að vera upplifun að baki líka
- Sumir fullorðnast aldrei

Fullorðnast ungur:

- Hafa lent í trauma, neyðast til að verða fullorðinn

Ekki fullorðin:

- Húmor...
- Er ennþá háð
- Er ekki full þroskuð
- Finnst leiðinlegt að vinna
- Gæti ekki séð fyrir 40 manns og borið ábyrgð á þeim
- Hef ekki starfspróunina
- Lögin segja að ég sé ekki fullorðin
- Gætum við séð um okkur sjálf? D: ef foreldrar okkar dæju?

Fullorðinn:

- Getur séð um sjálfan sig
- Líkamlega fullorðinn, orðinn fullproskaður
- Vill verða fullorðinn
- Vinnur fyrir sér, á heimili, eldar og sér um heimilið
- Vera komin með fullmótaðan persónuleika
 - En hann breytist aldrei...
 - Álit, skoðanir, hegðun, tjáning breytast
 - Morðingi verður alltaf morðingi, þótt hann fari í “endurhæfingu”: hann er alltaf vís til að myrða aftur, hann er alltaf sami kjarninn, sama frumefnið, hlutarnir raðast bara saman á ólíka vegu. Kjarni + utanaðkomandi áhrif, t.d. að vera særður = persónuleiki??????
Bara kjarninn = persónuleiki??????
 - Playmo-lover er og verður alltaf playmo-lover?

Eru ekki allir háðir einhverju?

- Vinnuveitandi er ekki beint að sjá um mig....

Fer eftir því í hvaða skilningi við erum að tala um það að vera fullorðinn?

- Líkamlega: kynþroski,
 - Nauðsynlegt en ekki nægilegt skilyrði

Persónuleiki: Hvernig hugsuðum við þegar við vorum lítil?

- Kenning Önnu Katrínar: Persónuleiki breytist ekki en getur mótast, svipað og leir, en við getum breytt hegðun okkar
 - Persónuleikinn er bara “þú,” við fæðumst með hann, t.d. hvort við erum róleg, feimni, á erfitt með að flýta mér, á auðvelt með stærðfræði, óþolinmóð við það sem ég nenni ekki... Þetta er kjarninn í mér – reynslan býr þetta til??????
 - Kjarninn: er hann alltaf ríkjandi?
 - Dæmi: maður er RÓLEGUR, maður er HUGSUNARSTÍLL,
 - Skýr munur á hegðun og persónuleika
 - Persónuleikabreyting er að verða allt önnur manneskja
 - Persónuleiki = ég sjálf = (sálin)
Persónuleiki er hluti af sjálfinu
 - Maður sér ekki persónuleikann! Það er hægt að fela hann
- Dæmi: barn sem elst upp við ofbeldi, beitir sjálft ofbeldi, en er svo mótaður, lagaður í góðu umhverfi – er líklegr til að hverfa aftur til ofbeldisfarsins
 - Anna sammála
- Feimni – getur það mótast í að verða ekki-feimni? Jú, það er hægt að breyta hegðuninni svo hann verði minna feiminn
 - Eru til manneskjur sem eru feimnar en hegða sér ekki þannig, t.d. margir leikarar

- Ég get verið feiminn í ákveðnum aðstæðum en ekki öðrum
- Hægt að þróa upp ekki-feimni, en maður er samt áfram feiminn í kjarnann
- Grunnkjarni persónuleikans, t.d. ég er feiminn, en með hverju ári bætist eitthvað við persónuleikann, nýir eðliseiginleikar, þroskast út af utanaðkomandi áhrifum, ekkert hverfur því það myndi kippa grunninum undan
- Leiklist: breytir mér – verður opnari, læri að skemmta mér,
- Sést persónuleikinn utan á mér? Er ég það sem sést eða er ég “innri kjarni”
- Hegðun er alltaf mismunandi hjá einstaklingum, t.d. fer eftir við hvern við erum að tala
- Hver er kjarninn, grunnurinn – hvað er það sem gerir mig að sömu manneskjunni?
 - Það sem ég er núna, það er grunnurinn
- Persónuleiki:
 - Það sem ég geri?
 - Það sem ég vil?
 - Það sem ég finn (tilfinningarnar)?
 - Skoðanir mínar?
 - ?????

Samantekt eftir tímunn 17. október 2006

Hvað er að vera fullorðinn?

- Fullorðin manneskja hefur náð ákveðnum líkamlegum **þroska**, og andlegum þroska – hefur öðlast skynsemi sem börn búa ekki yfir, t.d. vegna þess að heilinn hefur náð meiri þroska.
- Fullorðin manneskja hefur ákveðna **reynslu** að baki og hún hefur lært af þessari reynslu. Þessi reynsla hefur að einhverju leyti mótað manneskjuna, persónuleika hennar. Með þessari reynslu fær sá fullorðni líka betri yfirsýn.
- Fullorðin manneskja er **sjálfstæð og sjálfráða**. Hún er lögum skv. lögráða, þ.e. ræður sér sjálf og ræður sínum fjármálum. Hún getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir og **ber ábyrgð á eigin hagsmunum**. Fullorðnar manneskjur geta líka borið ábyrgð á fleirum en sjálfum sér, t.d. fjölskyldunni sinni, en börn bera ekki ábyrgð á fjölskyldunni sinni. Þetta sjálfræði kemur til sögunnar þegar fólk hættir að vera háð öðrum manneskjum, t.d. foreldrum. Fullorðin manneskja þarf ekki endilega leiðsögn um lífið, eins og börn þurfa. Það er stigsmunum ár börnum og fullorðnum hvað varðar ábyrgð og að vera háður einhverjum. Börn verða smám saman minna háð foreldrum sínum og bera þá meiri ábyrgð á sjálfum sér → verða fullorðinslegri. Fullorðin manneskja er aldrei fullkomlega óháð öðru fólki, hún hlýðir t.d. vinnuveitendum sem á móti bera ábyrgð á stöðu hennar sem starfsmanns.
- Fullorðnir hafa alltaf náð einhverjum tilteknum **aldri** (u.þ.b. 18-26 ára og eldri) en sumir verða fullorðnir yngri, þá ef til vill vegna þess að þeir lenda í aðstæðum sem maður vill helst ekki að börn lendi í og neyðast því til að fullorðnast hratt (t.d. ef þeir missa foreldra sína). Sumir geta líka verið orðnir mjög gamlir en neita samt að verða fullorðnir, haga sér ekki sem slíkir, vilja ekki vera fullorðnir og neita að bera ábyrgðina sem því fylgir.
- **Spurning: hugsa fullorðnir öðruvísi en börn?**
 - Er húmorinn öðruvísi?
 - Önnur og jákvæðari viðhorf til vinnu?
 - Meiri skynsemi?
 - Vilja meiri ábyrgð?
 - Er persónuleikinn orðinn fullmótaður? Ef persónuleikinn getur breyst: Breytist hann frá því að maður er barn? Hættir hann að breytast eftir að maður verður fullorðinn?

Vandamálið sem aðallega hefur verið rætt: Hvað er persónuleiki? Getur hann breyst? Er persónuleiki fullorðinnar manneskju öðruvísi en persónuleiki barns?

Persónuleikinn er það sama og “það sem ég er,” “persóna mín,” “sjálfið mitt,” eða “sálin” – persónuleikinn er það sem gerir mig að því sem ég er, í mínum eigin augum og í augum annarra.

Persónuleikinn samanstendur af ýmsum eiginleikum:

Eiginleikar sem breytast ekki auðveldlega	Eiginleikar sem breytast auðveldlega
<ul style="list-style-type: none"> Lífsviðhorf? Tungumálið, tjáningin? Skynsemi og hugsanastíll? Geta/hæfileikar á vissum sviðum (tónlist, stærðfræði, stafsetning, dans, samskipti.....)? Einkenni: vera feiminn, vera opinn, vera óþolinmóður, vera skemmtilegur, vera afslappaður...? 	<ul style="list-style-type: none"> Tungumálið? Álit, persónulegar skoðanir? Hegðun, það sem við gerum? Viljinn? Tilfinningar?

Persónuleikinn	
Kjarninn í okkur sem persónum	Utanaðkomandi áhrif á persónu okkar
Það sem við fæðumst með <ul style="list-style-type: none"> Erfðir eiginleikar? Það sem ég er núna (allir mínir eiginleikar + reynslan sem ég á að baki)	Reynsla og upplifanir sem við göngum í gegnum <ul style="list-style-type: none"> Skynjanir Skoðanir og viðmót annarra ...
Er persónuleikinn: <ul style="list-style-type: none"> Kjarninni? Kjarninn + utanaðkomandi áhrif? 	
Persónuleiki getur mótast/breyst: <ul style="list-style-type: none"> Persónuleiki er eins og leir sem mótast og breytir um lögun, þeir þættir sem persónuleikinn samanstendur úr þroskast, sumir þættir draga sig í hlé, aðrir verða meira áberandi Þættir sem eru í kjarna persónuleikans, t.d. að vera feiminn, geta verið mis virkir, þeir birtast mis mikið. Ég get verið mjög feiminn við ákveðnar aðstæður en alls ekkert feiminn við aðrar aðstæður. Persónuleikinn sést ekki alltaf! Það er hægt að fela þætti í persónuleika sínum fyrir öðrum. Með aldri og reynslu bætast þættir í persónuleikann. Gamlir eiginleikar þroskast og breytast, og nýir eiginleikar bætast við. Spurningin er hvort þættir geti bæst við eða dottið út úr persónuleikanum, þ.e. að nýir eiginleikar bætist inn eða hverfi alveg út <ul style="list-style-type: none"> Svar: Það er hægt að “móta burt” þætti eins og feimni, kenna feiminni manneskju að vera ekki feiminn lengur, t.d. með því að hún fari á leiklistarnámskeið. En þótt þetta takist þá er þessi manneskja alltaf líklegri en aðrir til að detta aftur í feimnina ef eitthvað kemur upp á, feimnin býr í kjarna hennar Svar: Það hverfa aldrei neindir þættir úr persónuleikanum, þeir “leggjast bara í dvala.” Ef eitthvað hyrfi úr persónuleikanum þá væri það eins og að kippa burt, eða grafa í sundur, grunninn að persónunni 	
Ef hluti af persónuleika mínum birtist aldrei öðru fólki, t.d. feimnin, er ég þá feimin? Er það hluti af persónuleikanum ef það birtist aldrei? Ef persónuleiki breytist – er ég þá orðin allt önnur manneskja?	